

HALLGRÍMSKIRKJA

Hvítasunnudagur

Hátíðarmessa og barnastarf 4. júní 2017 kl. 11. Útvarpsmessa.

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari ásamt sr. Birgi Ásgeirssyni sem prédikar. Messuþjónar aðstoða. Mótettukór Hallgrímskirkju syngur. Stjórnandi og organisti er Hörður Áskelsson. Trompetleikari er Baldvin Oddsson. Pistillinn er lesinn á ýmsum tungumálum. Barnastarfið er í umsjá Ingu Harðardóttur.



Fyrir prédikun ganga börnin fram til barnastarfs.

Forspil og inngöngusálmur

Þá þú gengur í Guðshús inn,
gæt þess vel, sál mín fráma,
hæð þú þar ekki herrann þinn
með hegðun líkamans tóma.
Beygðu holdsins og hjartans kné,
heit bæn þín ástarkveðja sé.
Hræsnin mun síst þér sóma.

HP Ps. 24, Þorkell Sigurbjörnsson.

Ávarp og signing

Sálmur 171 b

Skín á himni skír og fagur
hinn skæri hvítasunnudagur,
er dregur nafn af Drottins sól,
dagurinn, er Drottins andi
af dýrðarinnar björtu landi
hér steig á hels og harma ból.
Því syngjum sigurlag og signum þennan dag.
Drottins andi, oss heill veit þá, að himnum á
vér hátíð slíka megum sjá.

Valdimar Briem.

Miskunnarbæn

Prestur: Drottinn, miskunna þú oss.

Allir: Drottinn, miskunna þú oss.

Prestur: Kristur, miskunna þú oss.

Allir: Kristur, miskunna þú oss.

Prestur: Drottinn, miskunna þú oss.

Allir: Drottinn, miskunna þú oss.

Dýrðarsöngur

Prestur: Dýrð sé Guði í upphæðum.

Söfnuður rís úr sætum

Allir: Og friður á jörðu og velþóknun yfir mönnum.

Söfnuður sest

Sálmur 9

Lofsyngið Drottinni, lýðir tignið hann.
Hefjið gleðihljóma, heiðrið skaparann.
Miskunn hans er mikil, máttarverkin stór

Lofi, lofi Drottin loft og jörð og sjór.
Lofsyngi Drottinni ljóssins bjarti her.
Óminn ber að ofan, undir tökum vér.

Kollekta

Prestur: Drottinn sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Prestur: Látum oss biðja um aldir alda.

Allir: Amen.

Ritningarlestur: Pistillinn: Postulasagan 2. 1-4.

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Allir: Dýrð sé þér, Drottinn.

Sálmur 743

Hallelúja, hallelúja, hallelúja.
Lofið Drottin af himnum, lofið hann á hæðum.

Guðspjall

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn Jóhannes (14. 23-31a)

Allir: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

Allir: Lof sé þér, Kristur.

Söfnuður sest

Trúarjátningin

Sálmur 335

*Guð helgur andi, heyr oss nú,
ó, heyr, vér biðjum: veit oss rétta trú,
huggun hjörtum mæddum
heims í eynda kjörum,
svölun sálum hræddum,
síðast burt er förum.
Streym þú, líknarlind.*

Þú kærleiksandi, kveik í sál
þann kærleiksel, er helgi verk og mál,
að í ást og friði
æ vér lifað fáum,
uns að æðsta miði
allir loks vér náum.
Streym þú, líknarlind.

*Þú blessað ljós, ó lýs þú oss
í líknarskjólið, undir Jesú kross.
Veit oss hjálp að hlýða
hirði vorum góða,
lausnaranum lýða,
lífjafanum þjóða.
Streym þú, líknarlind.*

Þú huggun æðst í hverri neyð,
oss hjálpa þú og styð í lífi og deyd.
Veit þú, að oss eigi
afl og djörfung þrjóti,
er hinn óttalegi
óvin ræðst oss móti.
Streym þú, líknarlind.

Guð helgur andi, á hinstu stund
oss hugga þú með von um Jesú fund.
þá er þrautin unnin,
þá er sigur fenginn,
sælusól upp runnin,
sorg og þrenging engin.
Streym þú, líknarlind.

Helgi Hálfðánarson.

Prédikun

Sálmur 724

Leiftra þú, sól, þér heilsar hvítasunna,
heilaga lindin alls, sem birtu færir
hann, sem hvern geisla alheims á og nærir,
eilífur faðir ljóssins skín á þig,
andar nú sinni elsku yfir þig.

Ljóna þú, jörð, þér lýsir hvítasunna,
lífgjöf þín, Kristur, risinn upp frá dauðum,
opnar sinn himin heimi vonarsnaudum,
heilagur andi streymir yfir þig,
andar nú sinni elsku yfir þig.

Geisla þú, sól, mót sól þíns lífs og fagna,
sjá, það er vor á jörð, sem Drottinn gefur,
vittu það, barn, og vakna þú, sem sefur,
vitjar þín andi Guðs og skín um þig,
andar nú sinni elsku inn í þig.

Lýstu mér, sólin hvíta, heita, bjarta,
heilagi andi Guðs og Krists, hans sonar,
uppspretta ljóss og friðar, lífsins vonar,
ljúk mér upp, kom þú, streym þú yfir mig,
anda nú þinni elsku inn í mig.

Sigurbjörn Einarsson.

Almenn kirkjubæn

Hver beiðni endar á orðunum: ... fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Allir: **Sálmur 884** Þinn vilji, Guð, þinn vilji, Guð, þinn vilji, Guð, hér verði á jörð.

Syndajátning og friðarkveðja

Prestur: Játum syndir vorar og lifum í kærleika og sátt við alla menn.

Allir: Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega
syndað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið
mig til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.

Þögn til ihugunar

Prestur: Almáttugur Guð fyrirgefi yður allar syndir, styrki yður og leiði til eilífs lífs fyrir Jesú
Krist, Drottin vorn.

Allir: Amen.

Prestur: Friður Drottins sé með yður. Allir: Og með þínum anda.

Kórsöngur: 885 Þér friður af jörðu fylgi nú, *Christine Carson – Kristján Valur Ingólfsson.*

Altarisganga

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Drottinn sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Prestur: Lyftum hjörtum vorum til himins.

Allir: Vér hefjum þau til Drottins.

Prestur: Látum oss þakka Drottin Guði vorum.

Allir: Það er maklegt og réttvíst.

Prestur: Sannlega er það og segjum án afláts:

Allir: Heilagar, heilagar, heilagar ert þú Drottinn, Guð allsherjar.

Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni. Hósianna í upphæðum. Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins. Hósianna í upphæðum.

Söfnuður sest

Bæn, innsetningarorð og Faðir vor

Guðs lamb

Allir: Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.
Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.
Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, gef oss þinn frið. Amen.

Undir útteilingu: J.S. Bach: Dona nobis pacem, lokapáttur úr Messu í h-moll eftir *J.S. Bach*.

Bæn og blessun

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann. Allir: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.
Prestur: Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið. Allir: Amen, amen, amen.

Sálmur 827

*Sjá Drottins mátt og dýrð á degi heilags anda!
Hann tignar kristin trú á tungum allra landa
og vegsamar hans verk. Það vinnur mildin hans
að hjartað ratar heim í himin kærleikans.*

Þín náð í hjartans nánd er ný á hverjum morgni
með auð sem aldrei bregst þótt aðrar lindir þorni.
Ó, vek þú vora önd svo víki hel og synd
en ríki, sigri sál Guðs sonar heilög mynd.

Ó, lindin eilífs ljóss, þú lýstir myrkrið kalda
er orð Guðs föður fyrst skein fram með dögum alda.
Það orð í Kristi kom með krossins sáttargjörð.
Þá brustu dauðans bönd, þín birta skein um jörð.

Kom himnesk sumarsól, kom, sunna heilags anda,
og hjálpa þinni hjörð í heimsins neyð og vanda
að vaka, vera trú og vitna um þinn dag
sem endurfæðir allt við efsta sólarlag.

Sigurbjörn Einarsson.

Eftirspil: La Majesté, *G. F. Telemann*.

Á döfnni:

Annar í hvítasunnu, 5. júní: Messa kl. 11. Fermdar verða Amíra Snærós Jabali, Áróra Gunnarsdóttir, Bríet Bjarnadóttir og Sara Isabel Gunnlaugsdóttir.

Laugardagur 10. júní: Messa í H-moll kl. 17. Mótettukórinn flytur hina stórfenglegu Messu í h-moll eftir J. S. Bach ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju og Hannah Morrison sópran, Alex Potter alt, Elmari Gilbertssyni tenór og Oddi A. Jónssyni bassa.

Sunnudagur 11. Júní:

- Sunnudagsmessa og sögustund kl. 11.

- Messa í h-moll kl. 17. Mótettukórinn flytur hina stórfenglegu Messu h-moll eftir J. S. Bach ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju og Hannah Morrison sópran, Alex Potter alt, Elmari Gilbertssyni tenór og Oddi A. Jónssyni bassa.